

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## I. HLUTI

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)

Prófdagur: **29. október 2011** Kl.: .....

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblið: 4 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lagasafn; A- og B deildir  
Stjórnartíðinda; og útprentanir laga  
og reglugerða af althingi.is og  
stjr.is

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

## 1. Krossar (20,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi.

### Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hverrar spurningar / fullyrðingar er jafnt (1,0%).
- ii. Að dregið er frá 0,25% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til spurningar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- iv. Aðeins annar tveggja svarmöguleika er réttur.
- v. Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. Réttarheimildaleg staða reglugerða og tilskipana er sú sama í EB- og EES-rétti.

- Rétt  
 Rangt

2. Sérhæfð stjórnvaldsfyrirmæli (reglugerðir) ganga framur almennum lögum á grundvelli reglunnar um *lex specialis*.

- Rétt  
 Rangt

3. Þótt tilskipanir EB hafi ekki bein réttaráhrif að íslenskum rétti geta þau samt sem áður orðið grundvöllur fjárfafna að íslenskum rétti.

- Rétt  
 Rangt

4. Þótt heimild sé til setningar stjórnvaldsfyrirmæla í almennum lögum er ekki hægt að fullyrða að stjórnvaldsfyrirmælin verði talin viðhlítandi réttarheimild.

- Rétt  
 Rangt

5. Í reglunni um þingræði felst að ríkisstjórn þarf stuðning meirihluta Alþingis.

- Rétt  
 Rangt

6. Í lögjöfnun felst að lagaákvæði er útvíkkað, það látið ná yfir hið ólögákveðna tilvik og dæmt eftir lagaákvæðinu sjálfu.

- Rétt  
 Rangt

7. Með meginreglum laga sem réttarheimild er vísað til þess þegar sjónarmið um sanngirni og réttlæti eru notuð sem grundvöllur að lögfræðilegri niðurstöðu.

- Rétt  
 Rangt

8. Almenn málvenja gengur ekki framur lagamálvenju við skýringu lagatexta.

- Rétt  
 Rangt

9. Meðalhófsregla stjórnsýsluréttar vísar meðal annars til þeirrar skyldu stjórnvalda að gæta hófs við setningu almennra laga.

- Rétt  
 Rangt

10. Við skýringu lagatexta er óheimilt að horfa til undirbúningsgagna með lögnum ef lagatextinn er ótvíæður.

- Rétt
- Rangt

11. Ef almenn lög ná efnislega yfir tiltekið tilvik þá er undantekningarlaust byggt á þeim sem réttarheimild.

- Rétt
- Rangt

12. Ef lögmætisreglan væri ekki talin gilda væri slíkt til þess fallið að brjóta gegn grunnhugmyndum um þrískiptingu ríkisvalds.

- Rétt
- Rangt

13. Ólögfestir þjóðréttarsamningar eru ekki taldir hafa neina þýðingu að íslenskum rétti við lögskýringu, sbr. tvíeðliskenningin.

- Rétt
- Rangt

14. Þegar að stjórnarskrárvarin réttindi eru annars vegar er löggjafanum óheimilt að framselja lagasetningarvald til handhafa framkvæmdarvalds nema því aðeins að í almennum lögum sé kveðið á um takmörk og umfang réttindaskerðingar.

- Rétt
- Rangt

15. Venja getur aldrei gengið framur almennum lögum.

- Rétt
- Rangt

16. Með hugtakinu stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnvísuréttar er meðal annars vísað til setningu almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

- Rétt
- Rangt

17. Jafnræðisregla stjórnvísuréttar er flokkuð sem svokölluð formregla en ekki efnisregla.

- Rétt
- Rangt

18. Við skýringu settra laga kann að vera horft til erlendra löggjafar / réttarframkvæmdar þrátt fyrir tvíeðliskenninguna.

- Rétt
- Rangt

19. Með lögskýringarsjónarmiðum er lýst niðurstöðu þeirrar lögskýringar sem fengin er með beitingu lögskýringarleiða.

- Rétt
- Rangt

20. Á lögskýringar reynir við beitingu allra réttarheimilda.

- Rétt
- Rangt

## 2. Ritgerð (20,0%)

Svarið *annað hvort* A eða B.

- A) Gerið grein fyrir a.m.k. 3 lögskýringarsjónarmiðum og 2 lögskýringarleiðum. Reifið dóma.
- B) Gerið grein fyrir innbyrðis samspili (réttarheimildalega stöðu) stjórnarskrár, almennra laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Reifið dóma.

## 3. Tengingar (5%)

**Athugið eftirfarandi:**

- i. Að vægi hverrar tengingar er jafnt (1,25%).
- ii. Tengid saman með því að draga línu á milli efnisatriða.
- iii. **Að aðeins einn svarmöguleiki / tenging á við hverju sinni.**

Lögjöfnun	Réttarheimild
Þrengjandi lögskýring	Lögskýringarsjónarmið
Skýring í samræmi við venju	Formregla
Andmælaréttur	Lögskýringarleið

## 4. Raunhæft verkefni (5%)

Í almennum lögum er að finna eftirfarandi ákvæði: „*Ráðherra getur sett nánari reglur um útfærslur laga þessara með reglugerð.*“ Á grundvelli þessa ákvæðis setur ráðherra íþyngjandi reglugerð sem gengur nærri stjórnarskrárvörðum réttindum sem einungis má skerða með lagaboði, þ.e. almennum lögum, samkvæmt stjórnarskrá. Fjallið stuttlega um hvort og þá hvaða annmarkar geti verið á þessu fyrirkomulagi út frá réttarheimildalegum sjónarmiðum, þ. á m. með vísun til dómaframkvæmdar.